

6b - Hönnun og smíði - Vetur 2020-21

Kennarar: Dóra Vilhelmsdóttir; Margrét Arna Vilhjálmisdóttir

6

Viðfangsefni

Læra að útskýra hugmyndir sínar með því að rissa upp einfalda vinnuteikningu.

Halda áfram að æfa val og notkun á réttum verkfærum, vönduð vinnubrögð og hugmyndavinnu.

Námsmat

Lagt mat á hvert verkefni fyrir sig, vinnuferli og lokaafurð.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Snæ - Hönnun og smíði - 6. bekkur - Handverk

- valið og notað á réttan hátt nokkur helstu verkfæri og mælitæki,

Snæ - Hönnun og smíði - 6. bekkur - Hönnun og tækni

- útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp einfalda málsetta vinnuteikningu

Snæ - Hönnun og smíði - 6. bekkur - Umhverfi

- beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Snæ - Hönnun og smíði - 6. bekkur - Menningarlæsi

- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurða
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

- **Skúlptúr úr málmteini**

Nemandi byrjar á að teikna eigin hönnun og málsetja myndina. Þá klippir hann kopartein í réttar lengdir og beygir í rétt form. Því næst er teininn lóðaður saman með tini og að lokum er skúlptúrinn festur á platta.

- **Hilla**

Nemandi fær krossviðsplötu og furu. Hver og einn velur útlitið á sinni hillu, skissar það upp, teiknar í fullri stærð á krossviðsplötu, sagar út, pússar vel og málar eftir smekk. Kennari aðstoðar við að setja hilluna saman.

- **Standandi púsluspil**

Nemandi teiknar standandi púsl sem samanstendur af a.m.k. þremur hlutum. Myndin er yfirfærð yfir á þykkan krossvið, sagað er út í tifsög, pússað og málað. Hafa ber í huga að púslíð þarf bæði að standa og að haldast saman í uppréttri stöðu.